

Ár 2018, þriðjudaginn 13. mars er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Frimannssyni, dómara í dómstól ÍSí, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Fyrir er tekið málið númer 3/2018:

Keiludeild Íþróttafélags Reykjavíkur

gegn

Keilusambandi Íslands (KLÍ) og Keilufélagi Reykjavíkur (KFR)

og kveðinn upp svohljóðandi:

ÚRSKURÐUR

Mál þetta er höfðað með kæru Keiludeildar Íþróttafélags Reykjavíkur, móttækin á skrifstofu ÍSí 19. febrúar 2018, þar sem Keilusamband Íslands (KLÍ) og Keilufélag Reykjavíkur (KFR) eru kærð. Kærðu var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu. Tvö bréf bárust frá kærða KFR, dags. 20. og 21. febrúar og greinargerð frá kærða KLÍ, móttækin 23. febrúar 2018.

Málið var þingfest 1. mars 2018. Þar mættu af hálfu kæranda, Jóhann Ágúst Jóhannsson, formaður Keiludeildar Íþróttafélags Reykjavíkur, Hafþór Harðarson, leikmaður og Einar Már Björnsson, fyrirliði. Af hálfu kærðu, Ásgrímur Helgi Einarsson, formaður Keilusambands Íslands (KLÍ) og Stefán Ingi Óskarsson, formaður Keilufélags Reykjavíkur (KFR)

Aðilar óskuðu ekki eftir að kalla vitni fyrir dóminn. Því næst var gagnaöflun lýst lokið. Dómari reyndi sættir án árangurs. Að svo búnu var málið munnlega flutt.

Dómkröfur

Kærandi: Kærandi krefst þess að úrslit í leik ÍR-PLS og KFR-Þrasta í Íslandsmóti liða KLÍ í 1. deild sem leikinn var 13. febrúar 2018 verði látin standa óbreytt á þann veg að ÍR-PLS hafi unnið leikinn 14-0.

Kærði KLÍ: Stjórn KLÍ krefst þess að ákvörðun stjórnar, sem fram kemur á heimasíðu sambandsins (<https://www.kli.is/frettir/2932>), um úrslit í leik ÍR-PLS og KFR-Þrasta skuli ómerk, standi og að leikurinn skuli leikinn samkvæmt þeim reglum sem til eru um framkvæmd leiksins.

Kærði KFR: Styður kröfu stjórnar KLÍ um að leikurinn eigi að spilast aftur og þá með réttu fyrirkomulagi.

Gögn málsins

1. Kæra, móttækin 19. febrúar 2018, ásamt fylgiskjölum
2. Bréf frá form. KFR., dags. 20. febrúar 2018
3. Bréf frá form. KFR., dags. 21. febrúar 2018
4. Greinargerð KLÍ, móttækin 23. febrúar 2018

Málavextir og málsástæður

Fram kemur í kæru:

Málsatvik eru þau að þann 13. febrúar sl. var leikinn deildarleikur í 1. deild milli liðanna ÍR-PLS og KFR-Þrasta. Þau mistök urðu við framkvæmd leiksins að ÍR-PLS lék sem útilið þrátt fyrir að vera heimalið og KFR-Þrestir léku sem heimalið þrátt fyrir að vera útilið. Í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða kemur fram að gestalið stillir fyrst upp sínu liði og heimalið stillir síðan upp sínu liði. Skal gestaliðið hliðrast til milli leikja þannig að í fyrsta leik eru leikmenn í röð A-B-C, í öðrum leik eru leikmenn í röð C-A-B og í þriðja leik eru leikmenn í röð B-C-A.

Mistök þessi uppgötvuðust ekki fyrr leik var löngu lokið sem sést m.a. á því að dómari kvöldsins gerði engar athugasemdir við útfyllta leikskýrslu fyrir leik og fyrirliðar beggja liða undirrita leikskýrslu að leik loknum athugasemdalaust. Mistökin uppgötvast svo þegar starfsmaður Keilusambandsins er að setja skor leiksins inn í tölvukerfi sambandsins og uppfæra stöðu á heimasíðu.

Jafnframt kemur eftirfarandi fram í kæru:

Tekið skal fram að breytingar á hliðrun leikmanna skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða höfðu ekki áhrif á úrslit leiksins þar sem allir leikmenn ÍR-PLS skorðu hærra í öllum leikjum en allir leikmenn KFR-Þrasta og hefðu úrslit leiksins því farið 14-0 hvernig sem uppröðun leikmanna hefði verið í hverjum leik.

Stjórn KLÍ tók málið fyrir á fundi 15. febrúar 2018 þar sem eftirfarandi var bókað:

Þessi leikur var frestuð viðureign frá því í leikvikunni 21. - 27. janúar en leiknum var frestað vegna bilunar í olíuvél.

Var þetta heimaleikur ÍR-PLS en í leiknum rugluðu liðin saman reitum þannig að KFR-Þrestir lék leikinn sem heimalið (róteraði ekki leikmönnum) og ÍR-PLS lék sem útilið (róteraði leikmönnum). Það er niðurstaða stjórnar KLÍ að framkvæmd leiksins hafi verið ófullnægjandi vegna þess sem er getið hér á undan og úrskurðar stjórn því leikinn ómerkan. Leika skal leikinn aftur og leggst kostnaður við brautarleigu á viðkomandi félög. Mótanefnd mun setja leikinn á í samráði við félagin. Jafnframt minnir stjórn á að aðeins þeir leikmenn sem löglegir voru með viðkomandi liðum í upphaflegri leikviku (21. - 27. janúar) eru löglegir í þessum leik.

Kærandi telur stjórn skorta heimild til að taka slíka ákvörðun og telur ákvörðunina sjálfa ekki leiða af reglugerðum KLÍ. Þar sem KLÍ sé að fara út fyrir valdsvið sitt, sé nauðsynlegt að kæra einnig KFR, þar sem niðurstaða málsins muni hafa áhrif á stöðu þess.

Samkvæmt greinargerð kærða KLÍ, kemur fram að ákvörðun stjórnar var tekin með vísan til f. liðar 10. gr. laga Keilusamband Íslands, þar sem segir:

Starfssvið stjórnar KLÍ er:

f) að líta eftir því að lög og reglugerðir KLÍ séu haldin

Samkvæmt greinargerð kærða KLÍ kemur fram: Það er túlkun stjórnar að f. liður heimili stjórn að taka fyrir mál og úrskurða, þar sem reglugerðir og/eða lög KLÍ hafa verið brotin, önnur en agamál sem fara fyrir Aganefnd KLÍ.

Í kærú vísar kærandi til þess að samkvæmt gr. 20.2 laga ÍSí er dómstóll ÍSí fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar nema viðkomandi sérsamband hafi sérstakan dómstól. Einnig vísar kærandi til þess, að samkvæmt 7. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót skuli dómstóll ÍSí fjalla um kærúmál. Jafnframt kemur fram að sérsambandið hafi ekki tekið upp eigið dómstólakerfi, sem hafi verið staðfest af ÍSí. Ekki verði talið að almennt eftirlitshlutverk sem felst í því að líta eftir því að lög og reglugerðir KLÍ séu haldin, líkt og getið er um í f. lið 10. gr. laga KLÍ geti talist ígildi þess að KLÍ hafi yfir að ráða sérstökum dómstól....

Samkvæmt greinargerð kærða KLÍ kemur fram, að ætla megi að einn leikmaður kæranda hafi verið ólöglegur í umræddum leik. Fram kemur að kærði áskilur sér rétt til að taka fyrir meint óhlutgengi viðkomandi leikmanns, verði niðurstaða dómstóls ÍSí sú að stjórn hafi ekki haft heimild til að úrskurða leikinn ómerkan.

Hjá kæranda KFR kom fram við flutning málsins, að málið snúist eingöngu um leikfyrirkomulagið. Það sé bara eitt hús og þess vegna geti svona mistök gerst. Þetta komi ekki til með að breyta neinu fyrir úrslit þessa leiks, því að KFR geri sér grein fyrir að þeir eru að fara að tapa þessu. Finnst að leikurinn eigi að spilast aftur og þá með réttu fyrirkomulagi. Kveður umræður um vænhæfið sorglegar þar sem maðurinn hennar hafi ekki spilað í leiknum. Kveður KFR standa með úrskurði KLÍ. Það vanti ákvæði í reglugerðina um þetta.

III

Niðurstöður

Fyrir liggur að taka afstöðu til þess hvort kærði KLÍ hafi haft heimild til þess að úrskurða leik ÍR-PLS og KFR-Þrasta sem fram fór 13. febrúar 2018, ómerkan á grundvelli f. liðar 10. gr. laga Keilusambands Íslands.

Í málinu liggur fyrir að Keilusambandið hefur ekki tekið upp eigið dómstólakerfi. Einnig liggur fyrir að dómstóll ÍSí er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar. Það er mat dómsins að ágreining um atvik líkt og hér er til umfjöllunar hefði átt að bera undir dómstólinn. Stjórn KLÍ fór samkvæmt þessu út fyrir valdsvið sitt með úrskurði sínum.

Með vísan til þessa ber að taka dómkröfu kæranda til greina í málinu. Samkvæmt því skulu 14-0 úrslit í leik ÍR-PLS og KFR-Þrasta í Íslandsmóti liða KLÍ í 1. deild sem leikinn var 13. febrúar 2018, standa óbreytt.

Úrskurðarorð:

Felldur er úr gildi úrskurður stjórnar KLÍ, frá 15. febrúar 2018, um að fella úr gildi 14-0 úrslit í leik ÍR-PLS og KFR-Þrasta í Íslandsmóti liða KLÍ í 1. deild. Úrslit leiksins skulu standa óbreytt.

Halldór Frímansson (sign)

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Bent er á kafla 4.3. í lögum ÍSí um áfrýjunardómstól ÍSí.